

Sumar

Sumarið er komið

sólin skín.

Fuglinn situr í trénu

og syngur.

Söngurinn hljómar eins og

sumarnóttin fögur.

Fuglinn flýgur í berjamó

situr þar á daginn.

Fær sér ber

og nýtur þess að lifa.

Hann lifir vel

og lengi.

Hann lifir eins

og hlýr sumardagur.

Lóan (Aðalheiður Guðrún 7. bekk)

Skýið

Ég fylgist með þér

sem skýi

þú ert litla skýið mitt

ég horfi á þig stækka og stækka

og loks fara

ég sé mörg ský

koma og fara

en það er aldrei neitt ský

ský sem líkist þér

þú átt alltaf stað í hjarta mér

ég gleymi þér

aldrei.

Blámi (Birta 7. bekk)

Blandaðar tilfinningar

Tilfinningin þegar skóladagurinn er búinn.

Tilfinningin þegar síminn er að verða batteríslaus.

Tilfinningin þegar maður finnur ekki hleðslutæki.

Tilfinningin þegar það er taco í matinn.

Tilfinningin þegar maður fattar að það er

mánudagur á morgun.

Tilfinningin þegar sumarfrí byrjar.

Þetta er blanda lífsins.

Stjarna (Sonja 7. bekk)